

Til Umhverfisstofnunar,
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík
ust@ust.is

Reykjavík, 28.10.2020

Umsögn vegna áforma um endurskoðun friðlýsingar Varmárósa

Fulltrúar Umhverfisstofnunar, Mosfellsbæjar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis hafa undanfarið unnið að undirbúningi að endurskoðun friðlýsingar Varmárósa í Mosfellsbæ. Tillaga að endurskoðaðri auglýsingu og breyttum mörkum svæðisins er lögð fram til kynningar. Varmárósar voru fyrst friðlýstir árið 1980 en friðlýsingin var endurskoðuð árið 2012. Svæðið hefur verið skráð á náttúruminjaskrá fár árinu 1978.

Friðlýsingin er í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og snýst aðallega um stækkun núverandi friðlands.

Landvernd fagnar áformum um stækkun á friðlandi Varmárósa í Mosfellsbæ. Stækkunin afmarkast við núverandi göngustíg um votlendið á efri mörkum svæðisins.

Helstu ógnir er nálægð hesthúsahverfis í jaðri friðlandsins.

Stjórn Landverndar styður endurskoðun og jafnframt stækkun á friðlandi Varmárósa.

Virðingarfyllt

Auður Önnu Magnúsdóttir
framkvæmdastjóri
Landverndar